

4. fundur Undirbúningsstjórnar vegna sameiningar sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn mánudaginn 10. febrúar í ráðhúsinu á Egilsstöðum.

Fundurinn hófst kl. 15:00.

Á fundinn eru mættir Björn Ingimarsson, Kristjana Sigurðardóttir, Anna Alexandersdóttir, Hannes Karl Hilmarsson, Stefán Bogi Sveinsson, Jón Þórðarson, Jakob Sigurðsson, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Gauti Jóhannesson, Ásdís Benediktsdóttir, Hildur Þórisdóttir, Vilhjálmur Jónsson og Elvar Kristjánsson.

Róbert Ragnarsson, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lögð fram og staðfest.

2. Val á nafni

Fulltrúar í Nafnanefnd komu á fundinn og gerðu grein fyrir þeim tillögum að nöfnum sem hafa borist. Tillögufrestur var til hádegis þann 7. febrúar og bárust 67 tillögur.

Nefndin sagði frá þeim meginsjónarmiðum sem hún hyggst byggja á við val á þeim tillögum sem fara til umsagnar Örnefnanefndar. Stefnt er að fundi þann 14. febrúar þar sem tekin verður ákvörðun um hvaða tillögur fara til umsagnar.

3. Samþykkt um stjórn og fundarsköp

Farið var yfir lokadrög að samþykkt um stjórn og fundarsköp og gerðar breytingar sem undirbúningsstjórnin samþykkti.

Hildur lýsti efasemdum um ágæti þess að verkefni hafnarstjórnar verði hluti af verkefnum Umhverfis- og framkvæmdaráðs sbr. 4. töluliður A-liðar 48. gr. las hún upp umsagnir um þá tillögu sem hún hefur aflað hjá hafnarstjórum á Ísafirði, Faxaflóahöfnum og Hafnasamlagi Norðurlands. Mælast þeir til þess að hafnarstjórn verði sjálfstæð stjórn í skipuriti.

Það er mat meirihluta Undirbúningsstjórnar að stjórnin hafi ekki umboð til að gera breytingar á tillögu að stjórnskipulagi nýs sveitarfélags sem kynnt var í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar í október. Ný sveitarstjórn getur tekið þá tillögu til umræðu og afgreiðslu að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

Undirbúningsstjórn samþykkir tillögu að *Samþykkt um stjórn og fundarsköp sameinaðs sveitarfélags Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar* og vísar henni til staðfestingar sveitarstjórnarráðuneytisins.

Róbert kynnti drög að bréfi til sveitarstjórnarráðuneytisins þar sem verklagi við sameiningu sveitarfélaganna er lýst og óskað eftir því að ráðuneytið staðfesti sameininguna. Lagt er til að gengið verði til sveitarstjórnarkosninga þann 18. apríl næstkomandi.

Stefán Bogi óskar að bókað verði í fundargerð að Framsóknarfélag Múlaþings gerir athugasemdir við ákvörðun um kjördag 18. apríl, en í ljósi þess hve langt ferlið er gengið er ekki gerð tillaga um breytingu á kjördegi.

Formanni Undirbúningsstjórnar er falið að undirrita bréfið og óska eftir staðfestingu ráðuneytisins á sameiningunni.

Róbert vakti athygli á því að sveitarstjórnir þurfa að velja fulltrúa í yfirkjörstjórn sem hefur umsjón með sveitarstjórnarkosningum í sameinuðu sveitarfélagi. Sveitarfélögin munu fá bréf þess efnis.

Drög að reglum um þóknanir kjörinna fulltrúa eru fyrirliggjandi, en umfjöllun er frestað til næsta fundar.

4. Viðaukar við fjárhagsáætlanir

Umræða um verklag við að afgreiða viðauka við fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna fjögurra. Viðaukar sem skapa skuldbindingar fyrir nýja sveitarfélagið skulu koma til afgreiðslu í öllum sveitarstjórnunum.

Ákveðið að þau sveitarfélög sem þurfa að afgreiða viðauka fram að staðfestingu sameiningarinnar sendi þá, ásamt greinargerð, til afgreiðslu í öllum sveitarstjórnunum fjórum.

5. Starfshópar. Staða verkefna

Farið var munnlega yfir stöðu einstakra starfshópa, en fundargerðir og minnisblöð eru aðgengileg í möppum verkefnisins. Áætlað er að starfshópar skili minnisblöðum fyrir næsta fund Undirbúningsstjórnar sem verður 9. mars.

Vinnu við mannauðsmál miðar vel áfram. Búið er að taka viðtöl við flesta stjórnendur og starfsmenn sem verða beinir þátttakendur í þeim breytingum sem leiða af sameiningunni. Ný stjórnendahandbók er tilbúin í drögum og mun Björn senda þau drög á Undirbúningsstjórnina eftir fundinn. Áætlað er að ný sveitarstjórn afgreiði þá handbók sem muni gilda fyrir nýja sveitarfélagið.

6. Erindi frá starfshópi um rafræna stjórnsýslu

Starfshópur um rafræna stjórnsýslu óskar eftir fjárheimild til að vinna efni fyrir sameiginlega heimasíðu, gera nauðsynlegar breytingar á vefumsjónarkerfi og leita ráðgjafar vegna kerfistilhögunar upplýsingakerfa til bráðabirgða.

Samþykkt að veita tvær milljónir króna til verkefnisins.

Þá er óskað eftir heimild til að taka þátt í vinnustofu um rafræna stjórnsýslu fyrir sameinuðu sveitarfélögum á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga á kostnað verkefnisins. Samþykkt að greiða ferðakostnað þátttakenda sameinaða sveitarfélagsins.

7. EES verkefni um sameiningar sveitarfélaga með áherslu á hverfastjórnir/sub councils

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga lagt fram, þar sem sveitarfélaginu er boðið að taka þátt í verkefni með grískum og norskum sveitarfélögum um sameiningar sveitarfélaga með áherslu á hverfastjórnir. Samþykkt að lýsa yfir áhuga á að taka þátt í verkefninu.

8. Erindi frá sveitarfélögum til Undirbúningsstjórnar

Erindi vísað til Undirbúningsstjórnar frá fundi bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs, miðvikudaginn 5. febrúar 2020 varðandi breytta kennslu hætti í grunnskólum.

Samþykkt að vísa erindinu til umfjöllunar í starfshópi um fræðslu-og félagsþjónustu.

9. Næsti fundur undirbúningsstjórnar

Næsti fundur fer fram 9. mars. Jón Þórðarson óskar eftir umræðu um háskólamál á þeim fundi og vísar til *Highlands and Islands* háskólans í Skotlandi. Fulltrúum var send vefslóð inn á vef skólans til að kynna sér fyrir næsta fund.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 18:40.